

Minnisblað um fræðslu- og frístunda- og tómstundapjónustu

Dagsetning:	21. febrúar 2022
Verkkaupi:	Helgafellssveit og Stykkishólmsbær
Efni:	Drög að mbl. um fræðslu- og frístunda- og tómstundapjónustu.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundar:	Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir, RR ráðgjöf

Á 5. fundi samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, þann 19. janúar, var farið yfir stöðu fræðslu- og frístundapjónustu í sveitarfélögunum tveimur. Farið var yfir áskoranir, tækifæri og mögulegar breytingar ef til sameiningar kemur. Þór Örn Jónsson, bæjarritari Stykkishólmsbæjar, Berglind Axelsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi, Sigrún Þorsteinsdóttir, leikskólastjóri Leikskólans í Stykkishólmi og Magnús Ingi Bæringsson, æskulýðs- og tómstundarfulltrúi Stykkishólmsbæjar voru gestir fundarins og fóru yfir stöðu núverandi stöðu í fræðsu- og frístundastarfi og tóku þátt í umræðu um hvort og þá hvaða breytingar gætu orðið við sameiningu sveitarfélaganna tveggja.

Framtíðarsýn

Samstarfsnefndin er sammála um að í sameinuðu sveitarfélagi verði félagsmiðstöð opin fyrir nemendur frá 5. til 10. bekk eða önnur aðstaða tryggð fyrir börn í dreifbýli til kl. 16:00 virka daga þar sem til staðar væri starfsmaður sem hefði eftirlit en sinnti jafnframt öðrum störfum samhliða.

Til framtíðar sér samstarfsnefndin fram á að í sameinuðu sveitarfélagi geti skapast svigrúm til þess að byggja við húsnæði grunnskóla og koma þar fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms félagsmiðstöðinni X-inu, þ.e. allt skóla-, frístunda- og tómstundastarf barna verður á einum stað, ásamt því að mæta húsnæðisþörfum Grunnskólans í Stykkishólmi. Sjá nánar í minnisblaði um fjármál og fjárfestingar. Með því gæti frístunda- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-16 ára farið fram í beinu samstarfi skóla og félagsmiðstöð sem gæfi möguleika á ýmis konar klúbbastarfi og námskeiðum milli kl. 13:00 til 16:00 alla virka daga.

Að mati samstarfsnefndar er mikilvægt að koma til móts við ábendingar í skólastefnu hvað varðar húsnæðismál skólanna, en með viðbyggingu við grunnskólann er hægt að koma fyrir þarfir nemenda og flytja Tónlistarskóla Stykkishólms og æskulýðs- og tómstundastarfi (X-ið) í nýja viðbyggingu, sem og að leysa húsnæðismál skólans. Þannig verður þjónusta grunnskóla, heilsdagsskóla, félagsmiðstöðvar, bókasafns og tónlistarskóla á einum stað. Verði af sameiningu sveitarfélaganna munu svokölluð sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gera sameinuðu sveitarfélagi kleift að fara hraðar í framkvæmdir í viðbyggingu. Er málið í forgangi í

uppbyggingaráætlun sameinaðs sveitarfélags að mati samstarfsnefndar, sbr. niðurstöður í minnisblaði um fjármál og fjárfestingar.

Starfshópur á vegum Stykkishólmsbæjar vinnur að stefnumörkun í málefnum 60 ára og eldri mun skila tillögum sínum á næstu vikum. Uppbygging hjúkrunarheimilis er hafin í samstarfi Stykkishólmsbæjar og ríkisins. Áform eru um að koma upp miðstöð eldri borgara og þjónustu á Skólastíg sem skapa mikil tækifæri til samþættingar á félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Verði af sameiningu sveitarfélaganna munu íbúar Helgafellssveitar hafa sama aðgang að þjónustunni og íbúar í Stykkishólmi. Í sameinuðu sveitarfélagi munu íbúar beggja sveitarfélaga eiga jafnan aðgang að búseturéttaríbúðum eftir þeim reglum sem gilda hverju sinni.

Núverandi staða

Fræðsluþjónusta

Sveitarstjórn Helgafellssveitar kýs fulltrúa til setu í skóla- og fræðslunefnd Stykkishólmsbæjar og hefur fulltrúinn rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarfélagið kaupir þjónustu grunn-, leik- og tónlistarskóla auk stjórnslu félagsmála af Stykkishólmsbæ.

Skóla- og fræðslunefnd starfar í umboði bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar að skóla- og fræðslumálum og falla málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla, Regnbogalands (heilsdagsskóla) og Amtsbókasafns innan verkswiðs nefndarinnar. Í Skóla- og fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, auk þess sem bæjarstjóri, skólastjórar, forstöðumaður Amtsbókasafns, umsjónarmaður Regnbogalands, fulltrúar kennara, fulltrúi Helgafellssveitar, fulltrúi forelda nemenda og fulltrúi úr ungmennaráði, hafa rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Stykkishólmsbær rekur leik-, grunn- og tónlistarskóla og er Helgafellssveit aðili að þeim rekstri samkvæmt samningi. Markmið samkvæmt skólastefnu er að reka skóla og tómstundastarf sem einkennist af fjölbreyttu og skapandi starfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum af metnaði. Vellíðan barna og starfsfólks, einstaklingsmiðað nám og góður námsárangur skal vera í fyrirrúmi. Þá skal efla samstarf innan og á milli skólanna, í æskulýðs- og íþróttastarfi, við samfélagið og heimilin. Áhersla er lögð á fagmennsku, góðar starfsaðstæður, gagnkvæma virðingu, jafnrétti, mannréttindi og lýðræðislega starfshætti.

Leikskólinn í Stykkishólmi hefur verið staðsettur í Tjarnarmýrinni við Búðanesveg frá árinu 2007 Deildir leikskólans eru fjórar eftir stækkun og heita þær Vík, Nes, Ás og Bakki. Í leikskólanum eru 86 nemendur og 29 starfsmenn. Starfsáætlun leikskólans er gefin út ár hvert og inniheldur skipulag skólaársins. Gert er ráð fyrir að nemendur verði 95 vorið 2022.

Grunnskólinn í Stykkishólmi er starfrækur við Borgarbraut 6, fjöldi nemenda við skólann voru 154 námsárið 2020-2021 og starfsmenn skólans 39. Skólamat var unnið við Grunnskólann í Stykkishólmi árið 2021 og settar fram umbótaáætlanir með það markmið að efla styrkleika

skólans og nýta þau tækifæri til umbóta sem eru til staðar. Starfsáætlun grunnskólans er gefin út ár hvert og inniheldur skipulag skólaársins.

Stykkishólmsbær stendur að tónlistarskólanum með miklum myndarbrag, fjárframlög til hans eru hlutfallslega með því hæsta sem gerist í þessum landsfjórðungi. Um 10% bæjarbúa stunda nám við skólann að jafnaði. Tónlistarskóli Stykkishólms er staðsettur í „gamla grunnskólanum“ við Skólastíg 11 og húsnæðið inniheldur stóran sal ásamt kennslustofum. Starfsáætlun tónlistarskólans er gefin út ár hvert og inniheldur skipulag skólaársins.

Húsnæðismál skólastofnana og íþróttamannvirki

Núverandi húsnæði Leikskólans í Stykkishólmi var tekið í notkun árið 2007. Við leikskólann var tekið í notkun færanleg kennslustofa árið 2017, eftir mikla fjölgun nemenda við skólann, en nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Í fjárhagsáætlun 2018 og 2019 var mörkuð stefna um að stækka leikskólann með viðbyggingu á árinu 2021 og endurspeglaði fjárhagsáætlun 2020 þá áherslu. Lokið verður við byggingu nýrrar deildar við Leikskóla Stykkishólms í febrúar 2022. Með viðbyggingunni var verið að koma til móts við ábendingar í skólastefnunni þar sem koma fram að huga þyrfti að möguleikum á viðbyggingu við Leikskólann (ungbarnadeild).

Árið 1986 var nýtt skólahús við Borgarbraut 6 vígt. Kennt var í báðum skólahúsunum, yngri nemendur skólans stunduðu nám í „gamla skólanum“ og eldri nemendur í þeim „nýja“. Úrbætur húsnæðismála við Grunnskólann í Stykkishólmi hafa lengi verið til umfjöllunar, enda var ávallt gert ráð fyrir að hann yrði stækkaður, og allt frá árinu 2005 hefur að formlega verið stefnt að stækkun Grunnskólans, með samþættingu stofnana að leiðarljósi. Eftir að öll kennsla yngri deilda, sem fór fram í gamla barnaskólahúsinu við Skólastíg, var flutt í húsnæðið að Borgarbraut 6, varð enn brýnni þörf á stækkun skólahúsnæðisins. Á skólaárinu 2009/2010 var tekin ákvörðun um stækkun Grunnskólans með byggingu húsnæðis fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms, en hætt var við þau áform á árinu 2010.

Í samræmi við fyrri gögn og vinnu frá árunum 2005-2010, var ákveðið að byggja í tveimur áföngum við grunnskólann. Fyrsti áfangi var húsnæði sem er ætlað Amtsbókasafninu og grunnskólanum og var tekin ákvörðun um að sameina Amtsbókasafnið, skólabókasafnið og Ljósmyndasafn Stykkishólms í nýja samtengda 550 m² álmu við húsnæði Grunnskólans og samnýta hana bæði fyrir skólann og Amtsbókasafnið. Þar var síðar sett á fót og skipulögð ný stofnun; Amtsbókasafnið: stofnun mennta, menningar og upplýsingatækni. Með sameiningu safnanna þriggja í nýju húsnæði varð til ein rekstrareining í nánu stjórnunarlegu og rekstrarlegu samstarfi við Grunnskólann í Stykkishólmi. Með sameiningu bókasafnanna í nýrri byggingu Amtsbókasafnsins var fyrsta skrefinu náð í þeirri samþættingu sem stefnt var að upphaflega á árinu 2005. Við þær breytingar losnaði um rými sem nýttast til kennslu og annarrar starfsemi. Samkvæmt niðurstöðu húsnæðishóps grunnskólans, sem kynnt var skóla- og fræðslunefnd í desember 2021, er núverandi húsnæði með hluta af rými Amtsbókasafnsins ekki fullnægjandi fyrir skólastarf í Stykkishólmi í ljósi nútíma kennsluhátta.

Félagsmiðstöð, íþróttahúsmannvirki og sundlaug nýttist í skólastarfi:

- Félagsmiðstöð og ungmennahús: Er til húsa að Skólastíg 11a. Húsið er byggt árið 1935 og 130 m² og á tveimur hæðum. Á efri hæð eru tvö herbergi eldhús, stofa og Salerni. Í Kjallara eru herbergi, tvær geymslur og lítið salerni. Starfsemin fer að mestu fram á efri hæð þar sem staðsett er m.a. færanlegt borðtennisborð og pool-borð. Í húsinu er ein leikjatölva ásamt spilum og búnaði til tónlystarflutnings og skjávarpi fyrir fræðslu og bíó.
- Íþróttamannvirki: Í húsinu er 300 manna áhorfendastúka og 25x45 m salur sem rúmar handboltavöll í löglegri stærð, körfuboltavöll, þrjá æfingavelli fyrir körfubolta, þrjá blakvelli, sex badmintonvelli og 8 m háum klifurvegg. Góð aðstaða er fyrir æfingabúðir með gístaðstöðu í grunnskóla. Þá er í húsinu líkamsræktarstöðin Átak.
- Sundlaug: 25x12 m útisundlaug með 57 m vatnsrennibraut, vaðlaug og tveimur heitum pottum, 12 m innilaug sem einkum er ætluð sem kennslu- og þjálfunarlaug. Í heitu pottunum er heilsuvatn sem kemur beint úr borholunni við Hofstaði, en vatnið er gott sem meðferð við ýmiskonar húðvandamálum, svo sem exemi og psoriasis.
- Íþróttavöllur: Knattspyrnuvöllurinn er 104x67m grasvöllur. Umhverfis hann eru hlaupabrautir og á svæðinu önnur hefðbundin aðstaða til frjálsíþróttar. Áhorfendapallar sem taka u.þ.b. 600 manns í sæti.
- Sparkvöllur: Sparkvöllur var byggður upp við Íþróttamiðstöðina sumarið 2005 í samstarfi við KSÍ. Völlurinn er upphitaður og flóðlýstur og bætir aðstöðu fótboltafólks á öllum aldri til að iðka sína íþrótt allan ársins hring.

Tækifæri til úrbóta í húsnæðismálum

Í skólastefnu Stykkishólmsbæjar kemur fram að helstu veikleikar skólanna eru m.a. að skólarnir, sem og æskulýðsstarfið, að leikskólanum undanskildum, búa við ófullnægjandi aðstæður, hvað varðar húsnæði og búnað í of mörgum atriðum. Þá kemur fram að fjarlægð milli skólanna (og tómsundaheimilisins) hamlar samvinnu þeirra, samnýtingu og samstillingu krafta. Í skólastefnunni kemur jafnframt fram að úrbætur í húsnæðismálum skapa fjölmarga nýja möguleika í skólastarfi, sér í lagi grunnskóla og tónlistaskóla. Í samræmi við framangreint og til þess að mæta þörfum barna í Stykkishólmi betur er ljóst að stefna þarf að því að byggja við húsnæði grunnskólans og koma þar fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms og æskulýðs- og tómsundastarfi (X-ið). Þannig verður þjónusta grunnskóla, heilsdagsskóla, félagsmiðstöðvar, bókasafns og tónlistaskóla á einum stað.

Þá stendur yfir vinna af hálfu Stykkishólmsbæjar varðandi greiningu á þeim möguleikum sem standa til boða við bættu nýtingu íþróttahússins, m.a. um endurbætur á búningsklefum og öðru skipulagi innan íþróttamiðstöðvar, þannig að hægt verði að bæta nýtingarmöguleika í Íþróttamiðstöð, þ.m.t. að koma betur til móts við þarfir nemenda í grunnskóla og leikskóla.

Félags- og skólalþjónusta Snæfellinga

Bæði sveitarfélög eru aðilar að Félags- og skólalþjónustu Snæfellinga bs. sem byggðasamslag sveitarfélaganna Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar. Aðildarsveitafélögin skipa sameiginlega félagsmálanefnd

svæðisins til fjögurra ára að loknum sveitarstjórnarkosningum. Allir félagsþjónustubættir sveitarfélaganna falla undir félagsmálanefndin auk þess sem nefndin fer með málefni barnaverndar og framselur þar vald sitt til tilgreindra starfsmanna stofnunarinnar. Nefndina skipa, skv. samþykktum byggðasamlagsins:

- einn fulltrúi Grundarfjarðarbæjar og einn til vara
- tveir fulltrúar frá Snæfellsbæ og tveir til vara
- tveir fulltrúar frá Stykkishólmsbæ og tveir til vara.

Félags- og skólaþjónustan annast sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla aðildarsveitarfélaganna á grundvelli gildandi laga og reglugerða. Félagþjónustan annast alla félagsþjónustubætti og málefni barnaverndar á þjónustusvæðinu. Stofnunin annast einnig rekstur málaflokks fatlaðs fólks. Aðalsstarfsstöð er á Hellissandi en starfsmenn hafa vinnuaðstöðu í Stykkishólmi og Grundarfjarðarbæ auk aðstöðu í grunn- og leikskólum svæðisins.¹

Frístundaþjónusta og málefni eldri borgara

Æskulýðs- og íþróttanefnd Stykkishólmsbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar að æskulýðs- og íþróttamálum og er starfsemi Íþróttamiðstöðvar og Félagsmiðstöðvar á verkswiði nefndarinnar. Í æskulýðs- og íþróttanefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, auk þess sem bæjarstjóri, tómsunda- og æskulýðsfulltrúi og fulltrúi úr ungmennaráði eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Ungmennaráð starfar í umboði bæjarstjórnar að æskulýðsmálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur því. Í ungmennaráði eiga sæti sjö fulltrúa á aldrinum 14 til 24 ára og þrír til vara. Ráðið er skipað eitt ár í senn. Meðal verkefna ráðsins er koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Fulltrúar í ungmennaráði hafa seturétt með málfrelsi og tillögurétt sem áheyrnarfulltrúar í sjö helstu fastanefndum Stykkishólmsbæjar.

Stjórn Dvalarheimilisins fer með málefni aldraðra samkvæmt lögum og reglugerðum í umboði bæjarstjórnar en þar eiga sæti þrjár fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára. Bæjarstjóri og forstöðumaður Dvalarheimilisins hafa rétt til að sitja fundi stjórnarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Öldungaráð starfar í umboði bæjarstjórnar að málefnum aldraðra samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur því. Hlutverk öldungaráðs er að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í málefnum aldraðra og gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið bæjarfélagsins í málefnum aldraðra. Í öldungaráði eiga sæti þrjár fulltrúar/aðalmenn sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára.

Velferðar- og jafnréttismálanefnd starfar í umboði bæjarstjórnar að velferðar- og jafnréttismálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni. Hlutverk

¹ Sjá vefsíðu Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga < <https://fssf.is/um-okkur/> >

velferðar- og jafnréttismálanefndar er að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í velferðar- og jafnréttismálum og gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið bæjarfélagsins í þeim málaflokkum. Meðal verkefna er að stuðla að félagslegri velferð aldraðra og að stefnumörkun í málefnum aldraðra sé til staðar og endurskoðuð reglulega, í samráði við Öldungaráð, og stuðla að samstarfi við frjáls félagasamtök sem starfa í þágu aldraðra.

Félagsmiðstöðin X-ið er starfrækt við Skólastíg en þar er boðið upp á dagskrá fyrir miðstig og efsta stig grunnskólabekkja.

Í félagsmiðstöðinni á starfið að skipta máli fyrir einstaklinginn og samfélagið í kringum hann. Reynt er að hafa úrval af afþreyingu og viðburða með það að markmiði að auka vellíðan og ánægju, efla þroska og auka víðsýni. Starfsmenn geri sér grein fyrir því að þetta er frítími ungmenna og starf felst í því að auka úrval afþreyingar og skapa afdrep fyrir þau á þeirra forsedum. Þær leiðir sem farnar eru til að ná settum markmiðum er að virkja unglíngana í starfi, kenna þeim að virða reglur og virða starfsemina og umhverfi hennar, gefa þeim kost á að hafa áhrif á starfsemina og verkefnaval hennar, fást við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni, læra að einstaklingar eru misjafnir og að tekið er vel á móti öllum, unnið á jafnréttis og lýðræðisgrundvelli og skapa umhverfi sem er aðlaðandi og vingjarnlegt.

Dagskrá Félagsmiðstöðvarinnar er unnin af starfsmönnum en í samráði við félags- og tómstundaval grunnskólans og X-ráð félagsmiðstöðvarinnar.

Starfsfólk Félagsmiðstöðvarinnar aðstoðar við val á afþreyingu og mikilvægt að það veiti unglíngunum ráðgjöf og athygli eftir umfangi verkefnanna.

Framtíðarsýn með starfi félagsmiðstöðvar er m.a. að ná sem bestum árangri í uppbyggingu félagsstarfs ungmenna í bæjarfélaginu bæði hvað varðar að skapa frumkvöðla og leiðtoga, efla einstaklinginn í einstaklings og hópaverkefnum. Örva krakkana til ákvörðunartöku og ábyrgðar á eigin gerðum. Með aukinni áherslu á þessa þætti verða til einstaklingar sem munu geta haft áhrif Stykkishólmi og landi til heilla.

Ungmennahúsið Eyjan hefur aðstöðu við Skólastíg en þar er markmiðið að bjóða ungu fólki á aldrinum 16 til 24 ára upp á jákvætt félagslegt umhverfi.

Framtíðarsýn að vera ungu fólki innan handar með hvað varðar þeirra málefni, atvinnu og réttindi, bjóða upp á fjölbreytt námskeið og félagsstarf. Veita ráðgjöf og hjálp í tengslum við atvinnu- og námsleit innanlands og utan. Einnig aðstoðar starfsfólk við að koma á tengslum við fagaðila ef þess er óskað. Setrið, félagsaðstaða eldri borgara, er staðsett við Skólastíg í Stykkishólmi en þar fer fram tómskundastarf fyrir eldri borgara í Stykkishólmi. Fjölbreytt félagstarf er í gangi á vegum bæjarins í nánú samstarfi við Aftanskin. Í boði íþróttir bæði í sal og líkamsrækt, fræðsla, smíði, myndmennt, handavinna og karlakaffi. Einnig er Aftanskin með ýmsa starfsemi s.s. fræðslufundi og kaffisþjall, félagsvist, boccia, ferðalög og skemmtanir.

Stykkishólmsbær hefur stigið stórt skref hvað heilsuefningu eldra fólks varðar, með því að setja af stað í samvinnu við íþróttakennara verkefnið Heilsa60+. Fyrir utan að hafa góð áhrif á heilsu eldra fólks hefur verkefnið haft góð áhrif á þátttöku í öðru félagsstarfi og fjölgað félögum Aftanskins. Mikilvægt að tryggja framgang heilsuefningarverkefnis til framtíðar.

Í Stykkishólmi er rekið Dvalarheimili aldraðra og búseturéttaríbúðir. Þar fer fram öflugt félags- og tómstundastarf auk þess félagsstarfs sem fer fram í Setrinu. Íbúar í Helgafellssveit hafa heimild til þess að sækja um búseturéttaríbúðir en íbúar Stykkishólmsbæjar hafa forgang að búseturéttaríbúðum. Í sameinuðu sveitarfélagi munu íbúar beggja sveitarfélaga eiga jafnan aðgang að búseturéttaríbúðum eftir þeim reglum sem gilda hverju sinni.

Starfshópur vinnur nú að stefnumörkun Stykkishólmsbæjar í málefnum einstaklinga 60+ þar sem stefnt er að því að marka heildstæða stefnu um þjónustu við einstaklinga 60+ í Stykkishólmi til framtíðar í ljósi þeirrar breytinga sem vænta má í málefnum einstaklinga 60+ vegna breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar, þróunar sem er að eiga sér stað í velferðar- og heilbrigðisþjónustu í Íslandi og flutningi hjúkrunarheimilisins í Stykkishólmi frá Skólastíg 14 á Austurgötu 7 (St. Franciskussjúkrahúsið) á árinu 2022. Starfshópurinn skal horfa til þeirrar vinnu sem fram fór á árinu 2006 og eftir atvikum byggja á grunni þeirrar stefnumörkunar sem og öðrum gögnum sem fyrir liggja af hálfu bæjarins,

Á árinu 2022 fer fram flutningur hjúkrunarrýma frá Dvalarheimili Stykkishólms yfir á nýtt Hjúkrunarheimili að Austurgötu 7 og mun Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) sjá um reksturinn frá og með 1. júní 2022. Við flutning hjúkrunarrýma á HVE losnar rými við Skólastíg 14 og verður þá hafist handa við umbreytingar á húsnæðinu. Annars vegar verður um að ræða íbúðir og hins vegar þjónusturými fyrir íbúa Stykkishólms. Stefnt er að þar verði hjarta í þjónustu við 60+ í Stykkishólmi.